

Bæjarráð Árborgar

Gísli Halldór Halldórsson

Efni: Afgreiðsla sveitarstjórnar Flóahrepps:

Eftirfarandi var bókað á 229. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 04.02.2020 varðandi erindi bæjarstjóra Árborgar til Flóahrepps, dags. 27. janúar 2020.

„Erindi frá sveitarfélaginu Árborg – ósk um tilfærslu sveitarfélagamarka

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við ósk bæjarráðs Árborgar varðandi færslu sveitarfélagamarka en lýsir ánægju sinni yfir fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu sem er báðum sveitarfélögum mikilvæg. Rétt er að geta þess að í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 er svæðið skilgreint með þeim hætti sem fulltrúar sveitarfélagsins Árborgar óskuðu á þeim tíma sem gerð aðalskipulags fór fram og því ekkert sem stendur í vegi fyrir því að deiliskipulagslýsing verði unnin og lögð fram af landeiganda. Sveitarstjórn Flóahrepps telur samstarf sveitarfélagana hafa verið gott á undanförunum árum og vonast til að svo verði áfram.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum."

Eydís Þ. Indriðadóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur

Þingborg

800 Selfoss

www.floahreppur.is

floahreppur@floahreppur.is

Sími: 480 4370